

55. fundur stjórnar Skálholts,  
haldinn í Skálholtsskóla miðvikudaginn 23. júní 2010 kl. 10:30.

Mætt voru: Sigurður Sigurðarson, Jóhann E. Björnsson, Kristján Björnsson, Kristinn Ólason og Hólmfríður Ingólfssdóttir.

Sigurður setti fund.

1. Fundargerð síðusta fundar. Samþykkt.
2. Fjármál.  
Lagt fram yfirlit yfir stöðuna til 31.05.10  
Farið yfir ársreikninginn vegna 2009 og hann undirritaður.
3. Skýrsla Oidthmann um ástand glugga Skálholtskirkju.  
Rektor kynnti skýrslu Oidthmann sem er ítarleg og greinagóð. Ljóst er að viðgerðirnar verða viðamiklar og kostnaðarsamar og munu taka nokkra mánuði. Fram kemur að ódýrara verður að senda gluggana til viðgerðar til Þýskalands en að vinna verkið hér. Stjórnarmenn gera grein fyrir skýrslunni á fundi Kirkjuráðs, sem haldinn verður í Skálholti síðar í dag.
4. Aðstöðuhús/Gestastofa.  
Frágangi við húsið er að mestu lokið og byrjað að setja upp innréttingar fyrir sýninguna. Þá er efnisvinnsla í fullum gangi, textagerð og þýðingar. Stefnt að opnun sýningarinnar í byrjun júlí.  
Rektor og framkvæmdastjóri Sumartónleikanna hafa átt í viðræðum við Kynnisferðir um stamstarf. Hugmyndin er þá að bjóða upp á sérstakar pakkaferðir í Skálholt þar sem innifalið væru tónleikar í kirkjunni, aðgangur að sýningunni og veitingar.
5. Önnur mál.  
Starfslýsingar rektor, framkvæmdastjóra og fulltrúa á skrifstofu Skálholtsskóla hafa verið endurskoðaðar af stjórn Skálholts. Drög að nýjum starfslýsingum lögð fram og rædd. Fram komu ýmsar ábendingar um framsetninguna. Starfslýsingarnar verða unnar frekar og síðan lagðar fyrir starfsfólkið til samþykktar.

Næsti fundur stjórnar Skálholts verður haldinn 11. ágúst n.k.  
Fleira ekki gert, fundi slitið kl.13:50

Hólmfríður Ingólfssdóttir